



HVERAGERÐISBÆR

Jafnréttisáætlun

2016 – 2020

Inngangur

Tilgangurinn með gerð jafnréttisáætlunar Hveragerðisbæjar er að vekja athygli á rétti hvers einstaklings til jafnra tækifæra í lífinu og að það sé hagur samfélagsins í heild að virðing sé borin fyrir hæfileikum kvenna og karla.

Jafnréttisáætlun Hveragerðisbæjar byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er fjalla um jafnrétti kynjanna. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum samfélagssviðum.

Jafnrétti felur m.a. í sér að:

- **Konur og karlar hafi jöfn áhrif í samfélaginu.**
Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.
- **Efnahagslegt jafnræði sé milli kvenna og karla.**
Konur og karlar eiga að hafa sömu möguleika til menntunar, launavinnu og fjárhagslegs sjálfstæðis. Vinna skal gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði.
- **Jafna skiptingu umönnunar- og heimilisstarfa.**
Gera þarf bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Konur og karlar eiga að bera sömu ábyrgð á heimilisstörfum og hafa sömu möguleika á að annast sína nánustu og þiggja umönnun.
- **Breyta hefðbundnum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum.**
Margar af þeim hefðbundnu kynjaímyndum og staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem eru ríkjandi í samfélaginu koma í veg fyrir að konur og karlar geti notið hæfileika sinna og atorku til fulls.

Jafnrétti snýst um að jafna aðgang að gæðum þannig að skilyrði kvenna og karla í Hveragerðisbæ til að njóta allra lífsins gæða verði eins og best verður á kosið.

Konur og karlar skulu í samanburði við hvort annað hafa til ráðstöfunar:

- Jafnmikið af fjármagni og jafnmikil efnahagsleg völd.
- Jafnmikil völd.
- Jafnmikla vinnu á sinni könnu, bæði launaða og ólaunaða.
- Jafnmikinn frítíma.
- Njóti jafnmikillar virðingar.
- Jafngóða heilsugæslu.
- Jafnmikla þekkingu.
- Jafnmikið rými.
- Jafnmikla viðurkenningu.

Jöfn staða kvenna og karla er grundvallaréttur og jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku er forsenda lýðræðislegs þjóðfélags.

Leiðarljós við gerð jafnréttisáætlunar:

- Konur og karlar njóti jafnra tækifæra og hafi sömu möguleika til áhrifa í sveitarfélaginu.
- Stúlkum og drengjum verði sköpuð tækifæri til náms og félagslífs sem ekki mótast af hefðbundnum kynhlutverkum.
- Mikilvægt jafnréttismál er að útrýma kynbundnu ofbeldi og klámvæðingu.
- Jafnréttisáætlun þessi skal höfð að leiðarljósi við gerð annarra áætlana og stefnumótunar Hveragerðisbæjar.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að sveitarfélög skipi jafnréttisnefndir og geri jafnréttisáætlunir með framkvæmdaáætlun. Jafnframt kemur þar fram að heimilt sé að fela annarri nefnd þennan málaflokk. Bæjarráð í umbæði bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar fer með jafnréttismál bæjarfélagsins og mun hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. kemur fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðréttá skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan bæjarfélagsins. Hlutverk og skyldur bæjarfélagsins er margþætt og skuldbindur bæjarfélagið sig til að vinna að jafnræði á þremur megin sviðum:

- Hveragerðisbær sem stjórnvald.
- Hveragerðisbær sem atvinnurekandi.
- Hveragerðisbær sem þjónustuveitandi.

Framkvæmd

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar ber ábyrgð á jafnréttisáætlun bæjarfélagsins. Starfsmaður bæjarstjórnar er bæjarstjóri sem skal vera til ráðgjafar í málaflokknum jafnt fyrir starfsmenn bæjarfélagsins og íbúa þess. Jafnréttisáætlun skal kynnt öllum stjórnendum, starfsmönnum bæjarfélagsins og kjörnum fulltrúum. Jafnréttisáætlunin gildir frá 2016 – 2020.

Hveragerðisbær sem stjórnvald

Skipan í nefndir, ráð og stjórnir.

Unnið skal markvisst að því að jafna hlut kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum bæjarfélagsins. Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir, skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Aðgerð: Gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum ráðum og stjórnnum, og kynna það fyrir bæjarstjórn.

Tímasetning: 1. febrúar ári eftir hverjar bæjarstjórnar kosningar.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.

Aðgerð: Ef breytingar verði á nefndaskipan á kjörtímabilinu verði þess gætt að tilnefna fulltrúa af því kyni sem hallar á í nefndina.

Tímasetning: 2016 – 2020.

Ábyrgð: Bæjarstjórn.

Aðgerð: Öll framboð til bæjarstjórna verði hvött til þess bréflega að konur og karlar hafi jafnt vægi á listum og þess gætt við kosningu í nefndir, ráð og stjórnir að hlutverk kynjanna sé sem jafnast.

Tímasetning: Fyrir bæjarstjórnar kosningar.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.

Kynjasambætting

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum bæjarfélagsins og stofnanna þess.

Aðgerð: Fræðsla og námskeið frá Jafnréttisstofu um kynjasambættingu fyrir bæjarstjórnar menn, stjórnendur stofnana og það starfsfólk sem áhuga hefur á jafnréttismálum.

Tímasetning: September 2017.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.

Hveragerðisbær sem atvinnurekandi

Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Laun eru í 8. tölulið 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Aðgerð: Bæjarráð óskar eftir upplýsingum frá launafulltrúa bæjarfélagsins um hvort til staðar sé kynbundinn launamunur í sveitarfélaginu og ef svo er, þá verði gerð áætlun um hvernig hlutur kynjanna verði jafnaður.

Tímasetning: október 2016 og október 2018.

Ábyrgð: Bæjarstjórn.

Laus störf og starfsauglýsingar

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum. Stefnt er að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í mismunandi starfsgreinum innan bæjarfélagsins .

Aðgerð: Í auglýsingum eru störf ókyngreind og þess gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð þeirra. Sérstaklega skal hvetja konur jafnt sem karla til að sækja um auglýst störf. Þó er heimilt að auglýsa sérstaklega eftir því kyni sem hallar á ef tilgangurinn er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

Tímasetning: Í ráðningarferli.

Ábyrgð: Bæjarstjórn og yfirmenn stofnana innan bæjarfélagsins .

Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Sérstök áhersla er lögð á jafna stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Aðgerð: Teknar saman upplýsingar um hlut kynja í stjórnunar- og áhrifastöðum í sveitarfélögunum.

Tímasetning: 1. febrúar ári eftir hverjar bæjarstjórnar kosningar.

Ábyrgð: Bæjarstjórn.

Aðgerð: Ef á annað kynið hallar ber bæjarstjórn að sýna sérstaka aðgát vegna jafnréttissjónarmiða þegar nýráðningar eða tilfærslur eru í störfum og reyna eftir fremsta megni að rétta hlut þess kyns sem á hefur hallað.

Tímasetning: Þegar gengið er frá ráðningum.

Ábyrgð: Bæjarstjórn.

Starfsþjálfun, endurmenntun og framgangur í starfi

Tryggt verði að konur og karlar njóti sömu möguleika til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Þess verði gætt við úthlutun verkefna og tækifæra til að axla ábyrgð, sem og þegar um framgang eða tilfærslu í störfum er að ræða, að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis. Sama gildir um starfs- eða vinnuhópa sem starfsfólk er skipað í.

Aðgerð: Haldið verði utan um þátttöku starfsfólks í námskeiðum, endurmenntun og í starfs – og vinnuhópum. Greina skal hvort á annað kynið hallar við nýtingu slíkra tækifæra. Komi slíkt í ljós ber að reyna eftir fremsta megni að leiðrétta það.

Tímasetning: Annað hvert ár fyrir 1 júní 2017 og 2019.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.

Jafnvægi milli atvinnu- og fjölskyldulífs.

Bæjarfélagið leitast við að skapa starfsmönnum sínum aðstæður til að samræma kröfur atvinnu- og einkalífs eins og kostur er. Gert verði ráð fyrir að karlar jafnt sem konur njóti sveigjanleika til að sinna fjölskyldum sínum. Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof, eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði, hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir um framgang í starfi, endurmenntun, uppsögn, vinnuaðstæður og fleiri slíka þætti sem fram koma í 1. mgr. 26. gr. jafnréttislagana. Starfsmenn skulu eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem kjarasamningar og aðstæður framast leyfa.

Aðgerð: Feður jafnt sem mæður verði hvattir til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og veikindadaga vegna veikinda barna.

Tímasetning: Eftir þörfum.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum sveitarfélaganna. Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki kynbundinni eða kynferðislegri áreitni. Í jafnréttislögum eru eftirfarandi skilgreiningar:

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

Aðgerð: Afhenda og kynna fræðslu- og leiðbeiningabækling vinnueftirlitsins um einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustöðum – Forvarnir og viðbrögð, til allra stjórnenda stofnana og bæjarstjórnar .

Tímasetning: Fyrir 1. september ár hvert

Ábyrgð: Bæjarstjóri.

Aðgerð: Undirbúnaðar verklagsreglur um meðferð mála sem varða kynbundna og kynferðislega áreitni og þær kynntar og gerðar aðgengilegar fyrir allt starfsfólk bæjarfélagsins .

Tímasetning: júní 2017.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.

Hveragerðisbær sem þjónustuveitandi

Þjónusta

Tryggja á jafnan aðgang kvenna og karla að þjónustu bæjarfélagsins . Við ákvarðanir um tilhögun hennar skal taka mið af þörfum beggja kynja og áhrifum á konur og karla.

Aðgerð: Upplýsingar um þjónustu sem bæjarfélagið veitir skal vera kyngreind og ef í ljós kemur að þjónustan virðist henta einungis öðru kyninu skal gerð áætlun um hvernig hægt sé að breyta þjónustunni svo hún henti báðum kynjum.

Tímasetning: Október 2017.

Ábyrgð: Bæjarstjórn.

Íþróttá-, tómsstunda-, leik- og grunnskólastarf

Allt uppeldis- og tómsstundastarf, menntun og fræðsla skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með börnum og unglíngum og þau skulu hvött til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Skólayfirvöld og stjórnendur félags- og tómsstundastarfs, styrki jákvæða kynímynd stúlkna og pílta og vinni gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglínga.

Aðgerð: Skólayfirvöld sjái til þess eftir fremsta megni að námsefni mismuni ekki kynjum og í náms og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hafa verið álitin hefðbundin kvenna- og karlastörf.

Tímasetning: Fyrir 20 ágúst ár hvert

Ábyrgð: Fræðslufnd og skólastjórnendur.

Aðgerð: Kynna verkefnið jafnrétti í skólum fyrir leik- og grunnskólum bæjarfélagsins .

Tímasetning: október 2016 og október 2018.

Ábyrgð: Fræðslunefnd.

Íþróttá- og tómsstundastarf skal skipulagt með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga, svo sem varðandi tímasetningu og aðstöðu.

Aðgerð: Greina út frá kynjum upplýsingar um iðkendur í íþróttá- og tómsstundastarfi og komi í ljós að fyrirkomulag starfseminnar sé með þeim hætti að tækifæri og möguleikar kynjanna séu ekki jafnir skal þegar leita leiða til úrbóta.

Tímasetning: Annað hvert ár, í fyrsta skipti 1. október 2016.

Ábyrgð: Stjórn Hamars og bæjarstjóri.

Aðilar sem njóti aðstöðu eða annarra styrkja frá bæjarfélaginu gæti þess að kynjum sé ekki mismunað í starfi þeirra.

Aðgerð: Starfsmenn og/eða bæjarstjórn sem sjá um samningagerð við félagasamtök sjá um að fram komi í áætlun hvernig starfsemi þeirra muni nýtast báðum kynjum.

Tímasetning: Þegar samningar við félagasamtök eru lausir.

Ábyrgð: Bæjarstjórn.

Áætlun þessi var samþykkt í Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar dags. 12. maí 2016 og gildir til 31. desember 2019.